

Reikningsskilaráð ríkisins

7. Fundur – 5. apríl 2017 kl. 09:00

FUNDARGERÐ

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Ólafur Hjálmarsson, Anna Birgitta Geirfinnsdóttir og Margrét Björk Svavarsdóttir.
- Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Sveinn Arason.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.



1. **Fundargerð síðasta fundar.** Fundargerð 6. fundar var samþykkt.
2. **Erindi um ósk um lagabreytingu, fulltrúar frá atvinnuvegaráðuneytinu.** Fulltrúar frá ANR, Þórður Reynisson, Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir og Harpa Theodórsdóttir mættu á fundinn og fóru yfir beiðni Reikningsskilaráðs um að bæta inní ársreikningalög ákvæði um IPSAS. Fram komu vangaveltur um ástæðu breytinga og hvort virkilega væri þörf á breyta ársreikningalögum. Spurningar komu upp um hvort að LOF tæki á þessu nægilega skýrt. Einnig þarf reikningsskilaráð að gera sér grein fyrir að ef vitnað verður í IPSAS að þá gæti komið fram krafa um að þýða IPSAS yfir á íslensku. Í framhaldi af umræðum var ákveðið að ANR skoði málið betur og gæfi ráðinu svar fljótlega.
3. **Vinnuhópar á vegum reikningsskilaráðs, tilnefningar.** Farið var yfir þær tilnefningar sem komnar eru í vinnuhópa sem á að stofna á vegum reikningsskilaráðs. Allir hafa svarað ráðinu nema skrifstofa opinberra fjármála.
4. **Ríkisreikningur 2016 og stofnefnahagur 2017.** Ríkisreikningur 2016 er á áætlun, búið að loka 300 liðum af um 390 liðum og planið er að öllu verður lokað fyrir páska. Reikningur ætti að vera klár í prentun um miðjan maí. Stofnefnahagsreikningur er í vinnslu og gengur vel.
5. **Reikningsskilastaðlar, framhaldsumræða.** Á næsta fundi mun FJS leggja fram uppfært yfirlit um stöðuna á innleiðingunni á reikningsskilastöðum.
6. **Önnur mál.**
Ekki annað rætt og fundi slitið kl. 10:30

Næsti fundur verður miðvikudaginn 3.maí kl.09:00.
